



Reykjanesbær, 17. maí 2024

676. fundur bæjarstjórnar Reykjanesbæjar haldinn í Merkinesi, Hljómahöll
21. maí 2024, kl. 17:00

DAGSKRÁ

1. Fundargerðir bæjarráðs 8. og 16. maí 2024 (2024010003)
2. Fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs 17. maí 2024 (2024010213)
3. Fundargerð velferðarráðs 8. maí 2024 (2024010214)
4. Fundargerð íþrótta- og tómstundaráðs 14. maí 2024 (2024010207)
5. Fundargerð lýðheilsuráðs 14. maí 2024 (2024010208)
6. Fundargerð menningar- og þjónusturáðs 17. maí 2024 (2024010209)
7. Forsetakosningar 1. júní 2024 - kosning undirkjörstjórnar (2024010436)



Fundargerð

1466. fundur bæjarráðs Reykjaneshöll, haldinn á Tjarnargötu 12
8. maí 2024, kl. 08:15

Viðstaddir:

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Bjarni Páll Tryggvason, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Margrét A. Sanders og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Að auki sátu fundinn Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri, Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Bæjarráð samþykkir samhljóða að tekið yrði á dagskrá Gjald vegna byggingarréttar og innviða (2024010545). Fjallað er um málið undir dagskrárlíð 6.

Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri vék af fundi undir fimmta máli Bókasafn Reykjaneshöll - flutningur í Hljómahöll (2022110463)

* * *

1. Gervigras í Reykjaneshöll (2024040397)

Hafþór B. Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi mætti á fundinn. Lögð fram gögn vegna endurnýjunar á gervigrasi.

Bæjarráð felur Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra að vinna áfram í málinu.

2. Endurbætur á skólalóðum grunnskóla (2023010276)

Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs mætti á fundinn.

3. Málefni kirkjugarða í Njarðvíkur- og Keflavíkursókn (2024050023)

Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri upplýsti bæjarráð um málefni kirkjugarðanna.

4. Umsagnarmál frá nefndasviði Alþingis - umsögn Samtaka orkusveitarfélaga (2024010059)

Lagt fram til kynningar umsögn frá Samtökum orkusveitarfélaga.

5. Bókasafn Reykjaneshöll - flutningur í Hljómahöll (2022110463)

Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri vék af fundi undir þessum líð.

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir verkefnastjóri vegna flutnings Bókasafns Reykjaneshöll og Sverrir Bergmann Magnússon bæjarfulltrúi mættu á fundinn.

Bæjarráð þakkar fyrir kynninguna á framvindu verkefnis stýrihópsins.

6. Gjald vegna byggingarréttar og innviða (2024010545)

Lögð fram drög að samþykkt um gjaldtöku innviðagjalds í Reykjaneshöll.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:40



Fundargerð

1467. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, haldinn á Tjarnargötu 12
16. maí 2024, kl. 08:15

Viðstaddir:

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Díana Hilmarsdóttir, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Margrét A. Sanders og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Að auki sátu fundinn Kjartan Már Kjartansson bærjarstjóri og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Bjarni Páll Tryggvason boðaði forföll, Díana Hilmarsdóttir sat fyrir hann.

* * *

1. Gjald vegna byggingarréttar og innviða (2024010545)

Erla Bjarný Gunnarsdóttir lögfræðingur umhverfis- og framkvæmdasviðs og Gunnar Kristinn Ottósson skipulagsfulltrúi mættu á fundinn.

Lögð fram drög að samþykkt um gjaldtöku innviða- og byggingarréttargjalds í Reykjanesbæ.

Bæjarráð telur að ef fram heldur sem horfir, og íbúafjölgun í Reykjanesbæ verður jafn ör næsta áratuginn og þann síðasta, megi gera ráð fyrir að fjárfestingar í nýjum innviðum s.s. leik- og grunnskólum, íþróttamannvirkjum, menningarhúsum, margvíslegum úrræðum á vegum félagsþjónustunnar o.fl. muni nema 50-60 milljörðum til ársins 2035. Það er alveg ljóst að þrátt fyrir að rekstur sveitarfélagsins gangi smám saman betur mun veltufé frá rekstri úr grunnstarfsemi A-hluta bæjarsjóðs ekki duga til að standa straum af slíkum fjárfestingum. Þá mun frekari lántaka og skuldsetning heldur ekki vera æskileg.

Bæjarráð samþykkir drögin og vísar til fyrri umræðu í bærjarstjórn 21. maí 2024.

2. Reykjanesbær 30 ára - dagskrá afmælisviku (2024010135)

Málinu frestað.

3. Reglur um heiðursborgara (2023110239)

Lagðar fram reglur um heiðursborgara Reykjanesbæjar.

Bæjarráð samþykkir framlagðar reglur 5-0 og felur Kjartani Má Kjartanssyni bærjarstjóra að auglýsa eftir tilnefningum um heiðursborgara Reykjanesbæjar.

4. Málefni barna með lögheimili utan sveitarfélags (2024050008)

Lögð fram greinargerð frá HLH ráðgjöf sem framkvæmd var að ósk Jöfnunarsjóðs um aukinn kostnað grunnskóla í kjölfar náttúruhamfara í Grindavík.

5. Húsnæði Keilis - Grænásbraut 910 (2023030333)

Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu mætti á fundinn.

Lagt fram minnisblað ásamt greinargerð og ástandsmati á húsnæði Keilis auk leigutilboða.

Bæjarráð samþykkir að taka ekki húsnæði Keilis á leigu samkvæmt fyrirbyggjandi tilboðum.

6. Beiðni Körfuknattleiksdeildar UMFN um fjárstuðning (2024050051)

Lagt fram erindi frá körfuknattleiksdeild UMFN um fjárstuðning.

Bæjarráð samþykkir að veita körfuknattleiksdeild UMFN styrk upp á kr. 5.000.000 sem er sambærilegur styrkur og veittur var körfuknattleiksdeild Keflavíkur. Styrkurinn er veittur vegna rekstrarvanda félagsins en bæjarráð ítrekar fyrri ákvörðun um að veita ekki styrk vegna forsendubrests vegna íþróttahússins við Stapaskóla.

7. Umsögn vegna rekstrarleyfis – IQ Hotel Apartments ehf., Grænásbraut 614 (2024030141)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um reksturs gististaðar í flokki II-G. Lagðar fram umsagnir byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar, Brunavarna Suðurnesja og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Bæjarráð samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti með vísan til fyrirbyggjandi umsagna.

8. Tækifærisleyfi – Körfuknattleiksdeild UMFN (2023120179)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

9. Fundargerðir stjórnar Brunavarna Suðurnesja 18. mars, 4. apríl og 2. maí 2024 (2024030003)

Lagðar fram til kynningar fundargerðir stjórnar Brunavarnar Suðurnesja.

10. Fundargerð aðalfundar Kólku sorpeyðingarstöðvar sf. 18. apríl 2024 (2024050151)

Lögð fram til kynningar fundargerð aðalfundar Kólku sorpeyðingarstöðvar sf.

11. Fundargerð stjórnar Kólku sorpeyðingarstöðvar sf. 7. maí 2024 (2024010179)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Kólku sorpeyðingarstöðvar sf.

12. Fundargerð ársfundar Fjölsmiðjunnar á Suðurnesjum 14. maí 2024 (2024050185)

Lögð fram til kynningar fundargerð frá ársfundi Fjölsmiðjunnar á Suðurnesjum.

13. Umsagnarmál frá nefndasviði Alþingis (2024010059)

Frumvarp til laga um breytingu á lögræðislögum, nr. 71/1997 (nauðungarvistanir, yfirlögráðendur o.fl.), 925. mál

<https://www.althingi.is/altext/154/s/1370.html>

Umsagnarmál lagt fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:45



Fundargerð

338. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Grófinni 2
17. maí 2024, kl. 08:15

Viðstaddir: Róbert Jóhann Guðmundsson formaður, Guðbergur Ingólfur Reynisson, Gunnar Felix Rúnarsson, Hjörtur M. Guðbjartsson og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Að auki sátu fundinn Gunnar K. Ottósson skipulagsfulltrúi, Erla Bjarný Gunnarsdóttir lögfræðingur, Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, Margrét Lilja Margeirsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála, Sveinn Björnsson byggingarfulltrúi og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

Helga María Finnbjörnsdóttir boðaði forföll og sat Valgerður Björk Pálsdóttir fundinn í hennar stað.

Eysteinn Eyjólfsson boðaði forföll og sat Hjörtur M. Guðbjartsson fundinn í hans stað.

* * *

1. K64 - kynning (2022100542)

Bergný Jóna Sævarsdóttir sjálfbærnistjóri og Pálmi Freyr Randversson framkvæmdastjóri frá Kadeco mættu á fundinn og kynntu verkefnið.

2. Mælaborð umhverfis- og framkvæmdasviðs (2024040527)

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs kynnti mælaborð sviðsins.

Lagt fram.

3. Holtaskóli - deiliskipulag (2024010471)

Reykjanesbær leggur fram tillögu að deiliskipulagi fyrir lóð Holtaskóla sbr. uppdrátt Arkís arkitekta dags. 3. maí 2024. Skipulagssvæðið afmarkast af Skólavegi í norðri, Sunnubraut í austri, lóð Fjölbrautaskólans í suðri og grænu svæði í vestri.

Helstu breytingar eru að ein hæð verður byggð ofan á útbyggingar á suðausturhorni skólans. Byggð verður tveggja hæða bygging á milli tveggja álma í porti sem vísar í norður. Byggingarmagn er aukið. Hámarks nýtingarhlutfall eftir stækkun verður 0,42 eða um 5700 m² með A og B rýmum.

Umhverfis- og skipulagsráð veitir heimild til að auglýsa deiliskipulagstillöguna.

4. Vatnsnes - breyting á aðalskipulagi (2019060056)

Reykjanesbær leggur fram vinnslutillögu um breytingu aðalskipulags svæðis M9 Vatnsness unnið af Kanon arkitektum og VSÓ Ráðgjöf dags. maí 2024. Meginbreyting er að

heildarfjöldi íbúða verður 1250 á svæðinu og heildarbyggingarmagn verður 185.000 m². Einnig er ákvæðum breytt í almenna kaflanum varðandi leyfisskylda starfsemi á miðsvæðum.

Umhverfis- og skipulagsráð veitir heimild til að auglýsa deiliskipulagstillöguna.

5. Heilsugæsla í Innri Njarðvík - óveruleg breyting á aðalskipulagi (2019060056)

Reykjanesbær leggur fram tillögu að óverulegri breytingu á aðalskipulagi fyrir svæði S54 heilsugæslu Innri Njarðvík, unnin af VSÓ ráðgjöf dags. maí 2024. Skilmálum svæðis S54 er breytt í þá veru að á svæðinu er gert ráð fyrir nýrri heilsugæslustöð ásamt heilsutengdri verslun og þjónustu.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að senda tillöguna til Skipulagsstofnunar til endanlegrar afgreiðslu.

6. Hafnargata - skipulagslýsing deiliskipulags (2024020309)

Kynningu á skipulagslýsingu, sem unnin var af Nordic Office of Architecture 22.11.2023, er lokið. Fram kom almenn athugasemd varðandi stöðu fráveitumála í sveitarfélaginu. Óskað er heimildar til að leggja fram tillögu að deiliskipulagi fyrir svæðið.

Umhverfis- og skipulagsráð veitir heimild til að leggja fram tillögu að deiliskipulagi fyrir svæðið sem verði kynnt fyrir bæjarbúum og hagaðillum.

7. Fjölbrautaskóli Suðurnesja - drög að stækkun (2019090479)

Framkvæmdasýsla ríkisins leggur fram drög að stækkun Fjölbrautaskóla Suðurnesja og óskar heimildar til að unnin verði breyting á deiliskipulagi.

Umhverfis- og skipulagsráð veitir heimild til að unnin verði tillaga að deiliskipulagi fyrir svæðið í samræmi við framlögð vinnugögn.

8. Klettatröð 13 (2024050028)

Gjábakki ehf. arkitekt óskar heimildar til að stækka byggingarreit um 2,4 m í átt að Heiðartröð.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir erindið með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda skv. 44. grein skipulagslaga, málsgrein 2.

9. Hringbraut 71 - íbúð í bílskúr (2024050218)

Eigandi bílskúrs sem þegar hefur verið breytt í íbúðarrými óskar heimildar til að skrá það sem íbúðarhús í séreign m.ö.o. samþykkt sem íbúð á sér fasteignanúmeri. Lóðin er sameign, meðeigendasamþykki liggur ekki fyrir.

Umhverfis- og skipulagsráð telur breytinguna ekki samræmast yfirbragði hverfisins. Erindi hafnað.

10. Hjallalaut 15 - fyrirspurn (2024050125)

Óskað er heimildar til að hluti húss fari lítillaga út fyrir byggingarreit og nýtingarhlutfall á lóðinni hækki úr 0,3 í 0,34 sbr. uppdrætti GJG design ehf. dags. 8. maí 2024.

Umhverfis- og skipulagsráð heimilar að vikið sé frá kröfum 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 um breytingu á deiliskipulagi og grenndarkynningu sbr. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Samkvæmt framkomnum gögnum telur ráðið að um óveruleg frávik sé að ræða og að hagsmunir nágretta skerðist í engu.

11. Suðurvellir 5 - innkeyrsla (2024050068)

Lóðarhafi Suðurvalla 5 óskar eftir heimild til að útbúa nýja innkeyrslu á lóð og bílastæði. Kantsteinn og gangstétt verði gert ökufært.

Samþykkt með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda skv. 44. grein skipulagslaga, málsgrein 2.

Umhverfis- og skipulagsráð heimilar að stytta tímabil grenndarkynningar ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta skv. 44. grein skipulagslaga, málsgrein 3, hafa lýst skriflega yfir með áritun sinni á kynningargögn áður en fjórar vikur eru liðnar að þeir geri ekki athugasemdir við hina leyfisskyldu framkvæmd.

Breytingin verði sveitarfélaginu að kostnaðarlausu.

12. Vallargata 24 - breyting á bílskúr (2024050219)

Glóra ehf. leggur fram tillögu fyrir hönd eigenda Vallargötu 24 að stækkun bílgeymslu um 16 m² og skrá hana sem íbúðarrými sbr. uppdrátt dags. 13. maí 2024.

Erindi frestað.

13. HS orka - framkvæmdaleyfi (2024040265)

HS orka með erindi dags. 6. maí 2024 óskar framkvæmdaleyfis til lagningar ljósleiðara í vegkanti til að styrkja tengingu við Svartsengi. Afnotaleyfi vegagerðarinnar liggur fyrir. Skipulagsfulltrúi hefur gefið út framkvæmdaleyfi dags. 8. maí 2024 og óskar staðfestingar.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir framkvæmdaleyfi.

14. Brekadalur 40 - lóðarúthlutun (2024040087)

Tvær umsóknir voru um lóðina en önnur var dregin til baka. Húnbogi Þ. Árnason sækir því einn um lóðina.

Lóðarúthlutun samþykkt.

15. Fuglavík 41 - umsókn um lóð (2024050201)

JBÓ Pípulagnir sækja um lóðina Fuglavík 41.

Lóðarúthlutun samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:30.



Fundargerð

432. fundur velferðarráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12
8. maí 2024, kl. 13:00

Viðstaddir: Sigurrós Antonsdóttir formaður, Andri Fannar Freysson, Birna Ósk Óskarsdóttir, Eyjólfur Gíslason og Margrét Þórarinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Hilma H. Sigurðardóttir teymisstjóri ráðgjafar- og virkнитеymis, Halldóra Mjöll Ingipórsdóttir fulltrúi ungmennaráðs og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Stuðningsþjónusta - breytingar á vinnufyrirkomulagi (2024050046)

Margrét Arnbjörg Valsdóttir, teymisstjóri stuðnings- og öldrunarþjónustu og Guðlaug Anna Jónsdóttir deildarstjóri stuðningsþjónustu mættu á fundinn og fóru yfir tillögur að breytingum á vinnufyrirkomulagi í stuðningsþjónustu Reykjanesbæjar.

2. Sameining dagdvala (2024050055)

Margrét Arnbjörg Valsdóttir, teymisstjóri stuðnings- og öldrunarþjónustu og Kristín M. Hreinsdóttir deildarstjóri dagdvala mættu á fundinn og kynntu hugmyndir um sameiningu dagdvala Reykjanesbæjar.

3. Málefni heimilisláusra - smáhús (2023070008)

Gunnar Kristinn Ottósson skipulagsfulltrúi, Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu og Ásdís Rán Kristjánsdóttir, verkefnastjóri í velferðarþjónustu mættu á fundinn. Kynntar voru tillögur að hönnun og farið yfir undirbúning að grenndarkynningu vegna fyrirhugaðra smáhúsa fyrir íbúa sem glíma við fjölpættan vanda.

Velferðarráð samþykkir hönnun húsanna og að farið verði í grenndarkynningu vegna fyrstu fjögurra húsanna.

4. Þróun og nýsköpun í málefnum fatlaðs fólks – þátttaka í starfshóp (2024050064)

Félags- og vinnumarkaðsráðherra hefur skipað Ólaf Garðar Rósinkarsson, verkefnastjóra í málefnum fatlaðra á velferðarsviði Reykjanesbæjar, sem fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga í starfshóp sem er falið að vinna að þróun og nýsköpun í þjónustu við fatlað fólk til þess að auka gæði og hagkvæmni í þjónustu. Starfshópurinn skal taka mið af þeim aðgerðum sem tilgreindar eru í tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks árin 2024-2026 og þeim tillögum sem fram koma í skýrslu starfshóps um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk.

5. Fundargerð Samtakahópsins 16. apríl 2024 (2024030167)

Fundargerðin lögð fram.

Velferðarráð lýsir yfir áhyggjum af áfengisnotkun á íþróttaviðburðum og veltir fyrir sér hvort tilefni sé til að skoða hvernig aðgengi ungmenna að áfengi er.

6. Mælaborð og tölulegar upplýsingar (2024020127)

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs lagði fram tölulegar upplýsingar vegna fjárhagsaðstoðar og sérstaks húsnæðisstuðnings í apríl 2024.

Fjárhagsaðstoð

Í apríl 2024 fengu 185 einstaklingar greidda fjárhagsaðstoð frá Reykjanesbæ. Alls voru greiddar 26.903.645 kr. í fjárhagsaðstoð eða að meðaltali um 145.425 kr. á hvern einstakling.

Í sama mánuði 2023 fengu 360 einstaklingar greidda fjárhagsaðstoð frá Reykjanesbæ. Alls voru greiddar 52.664.229 kr. í fjárhagsaðstoð eða að meðaltali 140.734 kr. á hvern einstakling.

Sérstakur húsnæðisstuðningur

Í apríl 2024 fengu 313 einstaklingar greiddan sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélagsins. Samtals voru greiddar 6.780.612 kr.

Í sama mánuði 2023 fengu 300 einstaklingar greiddan sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélagsins, samtals 6.379.412 kr.

Áfrýjunarnefnd

Í apríl 2024 voru haldnir 2 fundir í áfrýjunarnefnd og 11 erindi lögð fyrir nefndina. 7 erindi voru samþykkt og 4 erindum var synjað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:08.



Fundargerð

182. fundur Íþróttá- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12
14. maí 2024, kl. 11:00

Viðstaddir: Friðþjófur Helgi Karlsson formaður, Alexander Ragnarsson, Birgir Már Bragason, Marta Sigurðardóttir og Sindri Kristinn Ólafsson.

Að auki sátu fundinn Hafþór Barði Birgisson íþróttá- og tómstundafulltrúi, Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs, Rúnar Vífill Arnarson formaður íþróttabandalags Reykjanesbæjar, Hermann Borgar Jakobsson fulltrúi ungmennaráðs og Íris Eysteinsdóttir ritari.

Hjördís Baldursdóttir boðaði forföll. Alexander Ragnarsson sat fundinn í hennar stað.

* * *

1. Kynning frá fjármálastjóra Keflavíkur íþróttá- og ungmennafélags (2024050048)
Guðbjörg Björnsdóttir fjármálastjóri Keflavíkur íþróttá- og ungmennafélags mætti á fundinn og gerði grein fyrir fjármálum félagsins og því starfi sem hún er að inna af hendi fyrir félagið.
Íþróttá- og tómstundaráð þakkar Guðbjörgu Björnsdóttur fjármálastjóra Keflavíkur, íþróttá- og ungmennafélags fyrir greinargóða kynningu.
2. Viðhaldsskýrslur vallarstjóra Keflavíkur og UMFN (2024040245)
Viðhaldsskýrslur vallarstjóra Keflavíkur og UMFN lagðar fram.
3. Beiðni Körfuknattleiksdeildar UMFN um fjárstuðning (2024050051)
Hámundur Örn Helgason framkvæmda- og íþróttastjóri UMFN og Ágústa Guðmarsdóttir fjármálastjóri UMFN fylgdu úr hlaði erindi körfuknattleiksdeildar UMFN.
Þau gerðu grein fyrir fjárhagstöðu körfuknattleiksdeildar sem er afar erfið og hefur aðalstjórn UMFN þurft að lána deildinni fé á undanförunum mánuðum.
Íþróttá- og tómstundaráð tekur undir áhyggjur félagsins en getur ekki orðið við erindinu sökum þess að það er ekki á fjárhagsáætlun ráðsins.
Íþróttá- og tómstundaráð vísar erindinu í bæjarráð.
4. Sumar í Reykjanesbæ 2024 (2023010324)
Hafþór Birgisson íþróttá- og tómstundafulltrúi Reykjanesbæjar fór yfir það helsta sem verður boðið upp á í íþróttá- tómstunda- og lýðheilsumálum Reykjanesbæjar sumarið 2024. Bæjarbúar eru hvattir til að kynna sér framboðið á vefsíðunni fristundir.is.
5. Upplýsingagjöf íþróttá- og tómstundafulltrúa (2024050049)

Hafþór Birgisson íþróttá- og tómstundafulltrúi Reykjanesbæjar fór yfir stöðu ýmissa mála er varða starfsemi íþróttá-, tómstunda- og lýðheilsamála sveitarfélagsins.

6. Heimsókn ÍT ráðs í nýja íþróttahúsið við Stapaskóla (2024050052)

Íþróttá- og tómstundaráð heimsótti nýja íþróttahúsið við Stapaskóla sem á að vera tilbúið ásamt sundlaugarsvæði í lok júlí. Um er að ræða glæsilega aðstöðu sem mun nýtast vel í kröftugu íþróttá- og lýðheilsulífi Reykjanesbæjar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.00



Fundargerð

48. fundur lýðheilsuráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Tjarnargötu 12
14. maí 2024, kl. 14:00

Viðstödd: Bjarney Rut Jensdóttir formaður, Anna Lydía Helgadóttir, Jóhanna Björk Sígurbjörnsdóttir, Karítas Lára Rafnkelsdóttir og Magnús Einþór Áskelsson.

Að auki sátu fundinn Hafþór Birgisson íþrótta- og tómstundarfulltrúi og Íris Eysteinsdóttir ritari.

Lýðheilsuráð samþykkti samhljóða að tekið yrði á dagskrá málið Snjallsímalausir grunnskólar (2023030312). Fjallað er um málið undir dagskrárlið 7.

* * *

1. Skólaforðun og forvarnir (2024040313)

Einar Trausti Einarsson yfirsálfræðingur Reykjaneshæjar mætti á fundinn og ræddi um skólaforðun og forvarnir gegn henni.

Lýðheilsuráð þakkar fyrir góða kynningu.

2. Vinnustofa Fjörheima og FFGÍR sem haldin var 15. apríl sl. (2023110262)

Lýðheilsuráð þakkar Fjörheimum og FFGÍR fyrir vel skipulagða vinnustofu um málefni barna sem haldin var 15. apríl sl. og tekur undir mikilvægi þess að forvarnaraðilar, skólasamfélagið og foreldrar taki höndum saman til að stuðla að velferð barna og ungmenna í Reykjaneshæ.

3. Fundargerð Samtakahópsins 17. apríl 2024 (2024030167)

Fundargerð Samtakahópsins frá 17. apríl 2024 lögð fram.

4. Niðurstöður farsældarpings (2024050047)

Niðurstöður farsældarpings lagðar fram.

5. Græn svæði í Reykjaneshæ (2024050044)

Berglind Ásgeirsdóttir umhverfisstjóri mætti á fundinn og fjallaði um græn svæði sveitarfélagsins og hverjar séu horfur í þeim málum.

Lýðheilsuráð leggur áherslu á að stefnt sé að fjölgun grænna svæða enda mikið lýðheilsumál fyrir íbúa Reykjaneshæjar.

6. Sumar í Reykjaneshæ 2024 (2023010324)

Hafþór Birgisson íþrótta- og tómstundarfulltrúi Reykjaneshæjar fór yfir það helsta sem verður boðið upp á í íþrótta- tómstunda- og lýðheilsumálum Reykjaneshæjar sumarið 2024. Bæjarbúar eru hvattir til að kynna sér framboðið á vefsíðunni fristundir.is

7. Snjallsímalausir grunnskólar (2023030312)

Gögn lögð fram.

Erindi frestað til næsta fundar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.00



Fundargerð

54. fundur menningar- og þjónusturáðs, haldinn að Tjarnargötu 12
17. maí 2024, kl. 08:30

Viðstaddir: Trausti Arngrímsson formaður, Birgitta Rún Birgisdóttir, Eva Stefánsdóttir, Elfa Hrund Guttormsdóttir og Sverrir Bergmann Magnússon.

Að auki sátu fundinn Guðlaug María Lewis menningarfulltrúi og Íris Eysteinsdóttir ritari.

* * *

1. Hljómahöll - styrkir til viðburðarhalds (2023120295)

Tómas Viktor Young framkvæmdastjóri Hljómahallar mætti á fundinn og fór yfir þau verkefni sem sóttu um styrk til viðburðarhalds í Hljómahöll en um nýtt verkefni er að ræða þar sem styrkir eru ætlaðir upprennandi listafólki og hópum til að auðga menningarlíf Reykjanesbæjar. Alls hljóta átta verkefni styrk.

Menningar- og þjónusturáð fagnar þessu nýja verkefni.

2. Reykjanesbær 30 ára - dagskrá afmælisviku (2024010135)

Erindi frestað.

3. 17. júní 2024 (2024030441)

Drög að dagskrá 17. júní lögð fram. Þjóðhátíðardegi Íslendinga verður fagnað í Reykjanesbæ með hátíðardagskrá og skemmtidagskrá sem fram fer í skruðgarðinum í Keflavík. Í ár er því einnig fagnað að Reykjanesbær á 30 ára afmæli og að 80 ár eru frá stofnun Lýðveldisins Íslands og hefur forsætisráðuneytið undirbúið sérstaka hátíðardagskrá af því tilefni með fjölda viðburða um allt land. Menningar- og þjónusturáð hvetur íbúa til að takan virkan þátt í hátíðarhöldunum.

4. 80 ára afmæli íslenska lýðveldisins (2024030022)

Íslenska lýðveldið var stofnað á Þingvöllum þann 17. júní 1944 og fagnar því 80 ára afmæli á árinu. Af því tilefni skipaði forsætisráðherra nefnd sem unnið hefur að undirbúningi viðburða til að halda upp á tímamótin. Sérstök hátíðardagskrá hefur verið sett upp með fjölda viðburða sem finna má á vef Stjórnarráðs Íslands. Meðal þess sem er á dagskrá er útgáfa bókar með þjóðhátíðarljóðum og greinum um fjallkonuna sem gefin verður landsmönnum í júní. Bókinni verður dreift um landið og munu íbúar Reykjanesbæjar geta nálgast hana í Bókasafni Reykjanesbæjar og í Sundmiðstöðinni við Sunnubraut. Sérstök áhersla verður á kórastarf á Íslandi og verður nýtt kórlag sem samið var við ljóð Þórarins Eldjárns, Ávarp fjallkonunnar 2015, flutt á 17. júní af kórafólki úr kórum bæjarins. Auk þess býður forsætisráðuneytið upp á lýðveldisafmælisköku á þjóðhátíðardaginn.

5. Sjómanna dagurinn í Reykjanesbæ 2024 (2024050087)

Sjómannahátíðin verður haldin á vegum Njarðvíkursóknar á sjómannadaginn 2. júní kl. 11:00 í Bíósal Duus safnahúsa. Félagar úr kór Njarðvírkirkju leiða söng við undirspil og stjórn Rafns Hlíðkvists Björgvinssonar organista. Séra Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir þjónar. Við lok stundar verður gengið að minnismerki sjómanna á Bakkalág við Hafnargötu og þar lagður blómakrans frá Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur og nágrennis og Vísi, félagi skipstjórnamanna á Suðurnesjum. Kaffi og nýsteiktar kleinur í boði Duus safnahúsa og Njarðvíkursóknar og að athöfn lokinni gefst gestum kostur á að skoða bátalíkön Gríms Karlssonar í Bryggjuhúsi. Allir sjómenn og fjölskyldur þeirra eru boðin sérstaklega velkomin við messuna.

6. Karlakór Keflavíkur (2024050086)

Menningar- og þjónusturáð óskar Karlakór Keflavíkur til hamingju með vel heppnaða vortónleika sem haldnir voru þann 6. og 8. maí í Ytri-Njarðvírkirkju.

7. Kvennakór Suðurnesja (2024050084)

Menningar- og þjónusturáð óskar Kvennakór Suðurnesja til hamingju með vel heppnaða vortónleika sem haldnir voru þann 29. apríl og 1. maí í Bíósal Duus safnahúsa.

8. Sönghópurinn Víkingar (2024050085)

Menningar- og þjónusturáð óskar söngsveitinni Víkingum til hamingju með vel heppnaða vortónleika sem haldnir voru þann 30. apríl í Bíósal Duus safnahúsa.

9. Vox Felix (2024050213)

Menningar- og þjónusturáð óskar sönghópnum Vox Felix til hamingju með vel heppnaða Suðurnesjatónleika sem haldnir voru þann 8. maí í Hljómahöll í tilefni 30 ára afmælis Reykjanesbæjar.

10. BAUN barna- og ungmennahátíð (2024020299)

BAUN, barna- og ungmennahátíð í Reykjanesbæ fór fram dagana 2. – 12. maí sl. Um það bil 60 dagskrárliði var að finna á hátíðinni og var þátttaka í allri dagskrá ókeypis. Markmiðin með hátíðinni eru m.a. þau að auka lífsgæði og vellíðan barna og íbúa Reykjanesbæjar og jafnframt að skapa vettvang fyrir börn og fjölskyldur til virkrar þátttöku í samfélaginu. Þátttaka í allri dagskrá hátíðarinnar var með eindæmum góð og sem dæmi má nefna að um 5.300 manns heimsóttu Listahátíð barna og ungmenna og sóttu smíðjur í Duus safnahúsum þá 11 daga sem hátíðin stóð yfir. Nú er í loftinu stutt könnun þar sem fólk getur komið á framfæri skoðunum sínum á hátíðinni. Menningar- og þjónusturáð þakkar öllum þeim fjölmörgu sem lögðu sitt af mörkum til hátíðarinnar og leggur áherslu á að hátíðinni verði tryggt nægt fjármagn í næstu fjárhagsáætlun.

11. Duus safnahús (2024050216)

Opnunartíma í Duus safnahúsum hefur verið breytt á þann veg að framvegis verður lokað á mánudögum en opið aðra daga frá kl. 12 til 17 eins og áður. Breytingin er liður í því að geta boðið upp á lengri opnunartíma yfir sumarmánuðina og verður opið frá kl. 10 á morgnana í júní, júlí og ágúst. Breytingin hefur auk þess í för með sér að aðgengi skólahópa að húsunum eykst en næsta vetur geta þeir komið í hús frá kl. 08:30 á morgnana.

Fulltrúar stofnana í Duus safnahúsum leggja til breytingu á ensku heiti Duus safnahúsa úr Duus Museum í Duus Museum Hub. Ástæðan er sú að fyrrnefnda heitið hefur valdið misskilningi hjá erlendum gestum sem telja að um sjálfstætt safn sé að ræða en ekki sýningarhús fyrir söfn bæjarins. Nýja heitið gefur til kynna að þar sé miðstöð safna í Reykjanesbæ. Menningar- og þjónusturáð styður þessa breytingu á ensku heiti hússins.

12. Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. 7. maí 2024 (2024040442)

Fundargerð aðalfundar Landskerfis bókasafna frá 7. maí sl. lögð fram til kynningar.

13. Atvinnustefna Reykjanesbæjar – drög til umsagnar (2023020501)

Atvinnu- og hafnarráð óskar eftir umsögnum um drög að atvinnustefnu Reykjanesbæjar 2024-2034.

Menningar- og þjónusturáð felur Trausta Arngrímssyni formanni að koma athugasemdum ráðsins til atvinnu- og hafnaráðs.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.10